

Skólaráðsfundur 24. maí 2012

Fundinn sátu:

Óskar Björnsson, Ólöf Arna Pétursdóttir, Steinunn Valdís Jónsdóttir, Hulda Jónsdóttir, Alfreð Guðmundsson, Arnfríður Arnardóttir og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð. Ólafur Stefánsson kom þegar liðið var á fundinn.

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2012-2013
2. Byggingamál skólans
3. Önnur mál

1. Umræða um skóladagatal næsta skólaárs. Skóladagatalið er lagt fram með fyrirvara þar sem menntamálaráðuneytið ályktaði að skólum væri ekki heimilt að hafa svokallaða tvöfalda daga. Skólastjórnendur og sveitarstjórnarmenn eru ekki sáttir við þessa túlkun ráðuneytisins og er málið enn í skoðun. Skólaráð gerir ekki athugasemdir við skóladagatalið.
2. Byggingaframsæmdir – 1. áfangi. Umræða um byggingaframsæmdir og allir bíða spenntir eftir að hafist verði handa. Leiktæki verða fjarlægð tímabundið af lóð skólans við Skagfirðingabraut vegna framsæmdanna (útbygging á C-álm). Lokað verður fyrir glugga á skólasafni, tölvuveri og matsal meðan á byggingaframsæmdum þar stendur. Sumarið 2013 verða leiktæki væntanlega sett niður aftur og matsalur kláraður. Áhersla er lögð á að umferðarmálin kringum skólann verði kláruð í þessu ferli, þau eru forsenda þess að hægt sé að flytja allan skólann á Skagfirðingabraut.
3. Önnur mál.
 - Kynnt var „Vinaliðaverkefni“. Verkefnið er norskt að uppruna og fyrirhugað er að innleiða það í skólanum næsta haust. Verkefnið gengur út á að þjálfa eldri nemendur í að stjórna leikjum í frímínútum. Styrkur fékkst til verkefnisins frá Sprotasjóði og Sáttmála til sóknar. Áhugi er fyrir því að hanna skólalóðina út frá Vinaliðaverkefninu.
 - Umræða um byggingu og húsgögn.
 - Olweusarkönnun. Skólastjóri kynnti lauslega niðurstöður Olweusarkönnunar sem sýna einelti í skólanum vel undir landsmeðaltali, en full ástæða er til að vera vel á varðbergi.
 - Umræða um skólaferðir og lýstu fundarmenn mikilli ánægju með þær.
 - Kjósa þarf einn nýjan fulltrúa í skólaráð á aðalfundi foreldrafélagsins, sem verður 30. maí kl. 20:00.

Þessi fundur var síðasti skólaráðsfundurinn á þessu skólaári.